

Stjórnarfundur nr. 9

31. mars 2015 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th. Viðarsdóttir formaður, Herdís Hallmarsdóttir, Arinbjörn Friðriksson, Guðmundur A. Guðmundsson og Sóley Möller.

Milli funda var samþykkt einróma af hálfu stjórnar að greiða 2 milljónir króna inná fasteignalán félagsins. Þessi tillaga kom fram af hálfu framkvæmdastjóra á síðasta fundi stjórnar, en stjórn fól gjaldkera félagsins að gera nánari úttekt. Arinbjörn gjaldkeri félagsins gerði hana í samvinnu við framkvæmdastjóra og sendi í framhaldinu póst á stjórn og mælti með því að samþykkt yrði tillaga framkvæmdastjóra. Eftirstöðvar lánsins með verðbótum eftir innborgun eru að fjárhæð kr. 24.350.510. Mánaðarleg greiðslubyrði verður rúmlega 200 þúsund krónur.

1. Ársfundir ræktunardeilda og ársskýrslur

Í starfsreglum ræktunardeilda HRFÍ III. kafla um stjórn ræktunardeildar 6.gr. stendur að eftir ársfund deildar skuli skila samhljóða skýrslum til stjórnar HRFÍ, þ.e. ársskýrslu og rekstrar- og efnahagsyfirliti.

1. Retriever deildin skilaði inn ársskýrslu og rekstrarreikningi 13. mars 2015
2. Papillon deild skilaði inn ársskýrslu og rekstrarreikningi 24. mars 2015
3. American Cocker Spaniel skilaði inn ársskýrslu ásamt rekstrarreikningi 30. mars 2015
4. Fjár- og hjarð skilaði inn skýrslu 30. mars 2015 – en rekstrarreikningur fylgdi ekki með.

2. Kynningarfundir með stjórnnum ræktunardeilda í apríl

Frestað vegna veikinda framkvæmdastjóra.

3. Erindi frá Yorkshire terrierdeild – tölvupóstur 9. febrúar

Eyðublöð sem augnlæknarnir nota eru þau sömu og notuð eru á svæði Evrópusambandsins vegna augnskoðana gera ráð fyrir að upplýst sé um fyrri skoðanir og niðurstöður þeirra. Af þeirri ástæðu þykir ekki efni til að breyta verklaginu við framkvæmd augnskoðana.

4. Framboð til stjórnar HRFÍ á næsta aðalfundi HRFÍ.

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rann út í gær.

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara.

Í ár skal kjósa til tveggja ára formann, tvo meðstjórnendur og einn varamann.

Neðangreindir félagsmenn skiluðu inn framboði fyrir tilskilinn framboðsfrest

Herdís Hallmarsdóttir, bauð sig fram til formanns.

Guðbjörg Guðmundsdóttir, bauð sig fram í aðalstjórn.
Pórdís Björg Björgvinsdóttir,
Pétur Alan Guðmundsson,
Guðný Vala Tryggvadóttir,
Eyrún Arnardóttir og
Daníel Örn Hinriksson buðu sig fram í aðalstjórn en til vara í varastjórn.

Brynja Tomer, bauð sig fram aðallega í varastjórn og til vara í aðalstjórn.

Kynning á frambjóðendum mun birt 10. apríl n.k. eða eins fljótt og frambjóðendur hafa skilað inn kynningum.

5. Grein í Fréttablaðinu 6. mars

<http://www.visir.is/opid-bref-til-stjornar-straeto-bs.---flutningur-gaeludyra/article/2015703069985>

Í grein þessari gætir ákveðins misskilnings um að heilsu þeirra sem eru með ofnæmi sé stefnt í voða verði hundum leyft að ferðast með eigendum sínum í strætó. Í greininni er skorað á stjórn strætó að endurskoða fyrri ákvörðun sína um að þeir hygðust leyfa hunda. Það yrði mikil afturför enda er afstaða stjórnar Strætó viðbragð við fjölda áskorana hundaeiganda sem eru að berjast fyrir bættri hundamenningu og bættu hundahaldi. Það er því brýnt að álit stjórnar að HRFÍ komi að því að leiðrétta misskilning sem fram kom í grein Björns Ólafs Hallgrímssonar. Stjórn beinir þeim tilmælum til Kynninganefndar og eftir atvikum með liðsinni Fræðslunefndar hvernig bregðast eigi við og koma á framfæri réttum upplýsingum.

6. Fulltrúaráðsfundur 31. mars kl.20.00

Dagskrá:

- Fréttir frá framkvæmdastjóra og skrifstofu
- Fréttir frá NKU fundi 18.febrúar
- Framboð til stjórnar HRFÍ
- Fréttir af starfshópum/nefndum til að fylgja eftir stefnumarkmiðum félagsins
- Kynningar-/fræðslufundir með ræktunarstjórnnum
- Önnur mál / umræður

7. Erindi frá Pétri Alan Guðmundssyni – tölvupóstur 23. febrúar.

Þessi ábending sem barst frá félagsmanni var sett á dagskrá síðasta stjórnarfundar til umræðu en frestað þar sem ekki vannst tími til að ræða hana. Á fundinum var ábendingin rædd og er Pétri Alan þökkuð þessi ábending.

8. Amerísk cocker spanieldeild – umsókn um deildarsýningu- tölvup. 16 og 23. Mars

Umsóknin er til umsagnar hjá sýningastjórn.

9. Erindi frá Cavalier deild

Kom 12 mars til stjórnar, sent samdægurs til vísindanefndar. Svar barst frá Vísindanefnd 17. mars s.l. þar sem þeir lögðu til að banna skyldi undaneldi afkvæma hunds sem greinist með

murr yngri en 4 ára. Þessi breytingatillaga var samþykkt af ræktunarstjórn Cavalierdeildar fyrr í dag. Erindi þetta er því samþykkt með þeirri breytingu sem kom frá Vísindanefnd.

10. Erindi frá starfsfólki skrifstofu – tölvupóstur 13. mars.

Stjórn telur að regluna sem sett var 2012 beri að skýra á þann hátt að með henni hafi ræktunarbanni verið aflétt af hálf systkinum viðkomandi hunds.

11. Bréf frá siðanefnd – barst 24. mars.

Stjórn ákveður að svipta viðkomandi ræktunarnafni og mun í framhaldinu tilkynna um það til FCI.

12. Önnur mál

Hækkun á sýningagjöldum skv. tillögum sýningastjórnar/frkvstj vegna síðbúinna skráninga á sýninga samþykkt. Tillögur um að hækka gjaldskrá var ekki samþykkt enda taldi stjórn að slík ákvörðun þyrfti sérstaka meðferð.

Stjórn ákveður að setja upplýsingar á vef félagsins um hlutverk og hæfi félagskjörinna skoðunarmanna eftir Guðmundu Guðbjarnason, sem birtist á sínum tíma í Viðskiptablaðinu 18 maí 1995.

Stjórn ákveður að halda aðalfund félagsins þriðjudaginn 26 maí n.k. kl. 20.00 en fundarstaður verður auglýstur síðar. Stjórn hyggst bjóða uppá fjarfundabúnað eftir þörfum og áhuga og í samráði við félagsmenn á viðkomandi svæði.

Stjórn ákveður að halda næsta fund stjórnar 20 apríl n.k. en þá er jafnframt fulltrúaráðsfundur fyrirhugaður. Stjórn hyggst gefa frambjóðendum til stjórnar HRFÍ kost á að kynna sig á þeim fundi.

Herdís Hallmarsdóttir upplýsti um að stjórnarmenn hefðu fyrir fundinn án aðkomu núverandi formanns samþykkt að Jóna TH. Viðarsdóttir yrði kjörinn heiðursfélagi. Þessi afgreiðsla málsins er í samræmi við nýsamþykktar hæfisreglur stjórnar sem kveður á um að aðili taki ekki þátt í afgreiðslu mála sem varða viðkomandi sjálfan. Tilefnið er að nú væru ákveðin tímamót, þar sem Jóna hafði tilkynnt á 8. fundi stjórnar HRFÍ að hún hygðist ekki gefa kost á sér í áframhaldandi formennsku félagsins. Jóna hefði starfað ötullega í stjórn félagsins í 20 ár og lagt mikið af mörkum í þágu félagsins. Samþykkt var að þetta yrði tilkynnt félagsmönnum á aðalfundi félagsins.

Fundi slitið kl.19:00

Fundinn ritaði Herdís Hallmarsdóttir varaformaður.